



# Nemar á öðru ári í tómsunda- og félagsmálafræði haustið 2019

Spurningakönnun meðal nema

Skýrsla rannsóknarhóps

Maí 2020

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Maí 2020

Nemar á öðru ári í tómsunda- og félagsmálafræði haustið 2019

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9534-1-4

## Inngangur

Haustið 2019 var lögð spurningakönnun fyrir annars árs nema í tómstunda- og félagsmálafræði. Krækja í könnunina var send til nema og námsbrautarstjóri hvatti til þátttöku. Alls var 31 nemi skráður til náms á öðru námsári í tómstunda- og félagsmálafræði og tóku 22 þátt eða 71%.

Kærar þakkir til nema sem svöruðu spurningakönnuninni.

## Helstu niðurstöður

Þátttakendur úr hópi nema á öðru ári í tómstundafræði voru aðeins 22 og voru 12 í staðnámi, fimm í fjarnámi og fimm í blöndu af stað- og fjarnámi. Þeir nemar sem voru í fjarnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi voru spurðir hversu miklu máli það hefði skipt fyrir val þeirra á náminu að það var í boði í fjarnámi. Allir fimm fjarnemarnir segja það hafa haft mjög mikil áhrif en af þeim sem voru í blönduðu námsformi sögðu þrír það hafa skipt frekar miklu máli, einn hvorki litlu né miklu og einn sagði það hafa haft mjög lítil áhrif.

Konur voru 19 en karlar þrír í hópi þátttakenda. Tólf þátttakendur voru 25 ára eða yngri, fimm á aldrinum 26–30 ára og fimm yfir þrítugu. Fjarnemar voru eldri, til að mynda voru þrír fjarnemar yfir fertugu, en enginn staðnemi eða nemi í blönduðu námsformi var þetta gamall.

Langflestir þátttakenda búa á höfuðborgarsvæðinu, en einn nemi í blönduðu námsformi býr á Suðurnesjum, einn fjarnemi á Suðurlandi og tveir fjarnemar á Vesturlandi. Sjö af 12 staðnemum búa enn í foreldrahúsum en fjarnemar og þeir í blönduðu námsformi búa ýmist í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Fjórir af fimm fjarnemum og fimm af 12 staðnemum eru í sambúð eða hjónabandi. Allir staðnemar eru barnlausir en fjórir af fimm fjarnemum eru með börn á framfæri.

Flestir, eða 19 af 22 þátttakendum, hafa lokið stúdentsprófi og níu af 22 hafa áður reynt fyrir sér í háskólanámi. Þeir hafa einnig margs konar starfsreynslu frá því áður en þeir hófu námið, til að mynda hafa 15 unnið á sumarnámskeiðum fyrir börn og ungmenni, 12 unnið í félagsmiðstöð, 11 unnið í leikskóla, tíu unnið á frístundaheimili, fimm sinnt íþróttapjálfun, fimm unnið sem leiðbeinendur hjá félagasamtökum, þrír unnið í sumarþúðum og sami fjöldi unnið í þjónustu við eldri borgara.

Mikil meirihluti þátttakenda, eða 18 af 22, ætla að vinna með námi. Tíu ætla að vinna 15 klst. eða minna á viku en fjórir meira en 25 klst. á viku. Sex eru að vinna í félagsmiðstöð og sami fjöldi á frístundaheimili, einn er að vinna með fötluðu fólki, einn sem leiðbeinandi í grunnskóla og tveir í öðru starfi tengdu náminu. Fimm þátttakendur taka námslán.

Spurt var um menntun mæðra þátttakenda og áttu fjórir af fimm fjarnemum móður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskóla og einn átti móður með stúdentspróf. Fimm af 12 staðnemum áttu móður sem lokið hafði háskólaprófi, fjórir móður sem hafði lokið stúdentsprófi, tveir iðnnámi eða styttra starfsnámi en einn átti móður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskóla. Sjö þátttakendur áttu föður sem lokið hafði iðnnámi eða styttra starfsnámi og einnig áttu sjö föður sem lokið hafði háskólanámi. Þrír þátttakendur sögðu íslensku ekki vera móðurmál sitt.

Þátttakendur höfðu fengið hvatningu frá ýmsum til að hefja nám í tómstunda- og félagsmálafræði. Þannig höfðu 16 fengið hvatningu frá fólki sem vinnur á vettvangi frítímans, 14 frá foreldrum og nánnum ættingjum og 12 frá maka.

Almennt má segja að þátttakendur hafi verið ánægðir með námið í tómstunda- og félagsmálafræði. 13 voru mjög ánægðir en hinir ánægðir eða frekar ánægðir með námið í heild sinni. Flestir þátttakendur telja námið vera álíka þungt og þeir áttu von á en fimm telja það aðeins léttara, léttara eða miklu léttara. Fimm voru mjög ánægðir með kennsluna en aðrir ánægðir eða frekar ánægðir. Aðeins þrír voru mjög ánægðir með aðstæður í tímum en fimm voru frekar óánægðir, óánægðir eða mjög óánægðir.

Þrettán voru mjög ánægðir með samskipti við samnemendur og sami fjöldi var mjög ánægður með samskipti við kennara. Enginn var frekar óánægður, óánægður eða mjög óánægður með samskipti við

samnemendur eða kennara. Sex voru mjög ánægðir með upplýsingar um námið og einn var frekar óánægður.

Allir nema einn þátttakandi ætla að taka fullt nám, eða 26 ECTS eða meira. Aðspurðir um tíma sem þeir nota í námið á viku segjast fjórir staðnemar og tveir sem eru í blönduðu námi nota 15 klst. eða minna í námið á viku. Þrír staðnemar, tveir fjarnemar og einn sem er í blönduðu námsformi nota meira en 30 klst. á viku í námið.

Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Sjö þátttakendur, þar af fjórir fjarnemar, tveir í blönduðu námsformi og einn í staðnámi, töldu að skyldur vegna fjölskyldu myndu hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif á nám þeirra. Fimm telja að álag vegna launaðrar vinnu hafi neikvæð áhrif, þar af eru tveir fjarnemar, þrír staðnemar og einn í blönduðu námsformi. Tveir töldu slakan undirbúning í framhaldsskóla geta haft neikvæð áhrif og einn svaraði þannig til um lesblindu. Veikindi og slys höfðu neikvæð áhrif á nám fjögurra nema á öðru ári í tómstunda- og félagsmálafræði en 17 sögðu kvíða hafa neikvæð áhrif, þar af töldu sex hann hafa mjög mikil neikvæð áhrif.

Í almennum athugasemdum kom fram hjá fjarnemum að betur mætti koma til móts við þá, til að mynda að taka upp allar kennslustundir og gefa lengri frest til verkefnaskila. Staðnemar nefndu ánægju með veru sína í Stakkahlíð en bentu á að kenna mætti grunnáfanga meira þvert á sviðið. Einnig var nefnt að kynna mætti betur við hvað væri hægt að starfa eftir námið annað en á frístundaheimili eða í félagsmiðstöð.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Helstu niðurstöður .....	4
Efnisyfirlit.....	6
Skrá yfir myndir .....	7
Niðurstöður .....	8
Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður .....	8
Menntun þátttakenda .....	11
Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán.....	12
Menntun foreldra og móðurmál .....	17
Ánægja með námið og hvatning til að hefja það .....	19
Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga.....	23
Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu .....	24
Almennar athugasemdir um námið.....	27


## Skrá yfir myndir

Mynd 1. Fjöldi karla og kvenna eftir námsformi. ....	8
Mynd 2. Aldur nema á öðru ári. ....	8
Mynd 3. Búseta nema á 2. ári eftir svæðum. ....	9
Mynd 4. Húsnæði nema. ....	9
Mynd 5. Hjúskaparstaða nema. ....	10
Mynd 6. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjón nema. ....	10
Mynd 7. Hafa þátttakendur lokið stúdentsprófi?.....	11
Mynd 8. Fyrri háskólanám nema. ....	11
Mynd 9. Starfsreynsla sem leiðbeinandi í leikskóla.....	12
Mynd 10. Starfsreynsla við íþróttapjálfun. ....	12
Mynd 11. Starfsreynsla á frístundaheimili. ....	13
Mynd 12. Starfsreynsla á sumarnámskeiðum fyrir börn eða ungmenni.....	13
Mynd 13. Starfsreynsla í sumarbúðum fyrir börn og ungmenni. ....	14
Mynd 14. Starfsreynsla sem leiðbeinandi á vegum félagasamtaka. ....	14
Mynd 15. Starfsreynsla í félagsmiðstöð. ....	15
Mynd 16. Starfreynsla í þjónustu við eldri borgara.....	15
Mynd 17. Vinnutími á viku með námi. ....	16
Mynd 18. Starf sem þátttakendur ætla að sinna með fram námi.....	16
Mynd 19. Fjöldi þátttakenda sem taka námslán. ....	17
Mynd 20. Menntun mæðra þátttakenda. ....	17
Mynd 21. Menntun feðra þátttakenda. ....	18
Mynd 22. Móðurmál nemans og foreldra hans. ....	18
Mynd 23. Hvaðan nemar fengu mjög mikla eða frekar mikla hvatningu til að fara í námið.....	19
Mynd 24. Hversu mikið það hafði að segja fyrir fjarnema og þá sem eru í blönduðu námi að námið var í boði sem fjarnám. ....	19
Mynd 25. Ánægja með námið í heild sinni. ....	20
Mynd 26. Ánægja með kennsluna í heild sinni.....	20
Mynd 27. Ánægja með aðstæður í tímum. ....	21
Mynd 28. Ánægja með samskipti við samnemendur. ....	21
Mynd 29. Ánægja með samskipti við kennara. ....	22
Mynd 30. Ánægja með upplýsingar um námið. ....	22
Mynd 31. Mat þátttakenda á því hvort námið er léttara eða erfiðara en þeir áttu von á. ....	23
Mynd 32. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins. ....	23
Mynd 33. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri. ....	24
Mynd 34. Hafa skyldur vegna fjölskyldu neikvæð áhrif á nám nemanna?.....	24
Mynd 35. Hefur álag vegna launaðrar vinnu neikvæð áhrif á nám nemanna?.....	25
Mynd 36. Hefur slakur undirbúningur í framhaldsskóla neikvæð áhrif á nám nemanna? ....	25
Mynd 37. Hefur kvíði neikvæð áhrif á nám nemanna? ....	26
Mynd 38. Hafa veikindi eða slys neikvæð áhrif á nám nemanna? ....	26

## Niðurstöður


### Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður

Þátttakendur úr hópi nema á öðru ári í tómstundafræði voru aðeins 22. Af þeim sögðust 12 vera í staðnámi, fimm í fjarnámi og fimm í blöndu af stað- og fjarnámi. Á myndunum hér á eftir eru þessir hópar sýndir með ólíkum litum í súlum. Ekki voru reiknuð prósent heldur sýndur fjöldi.



Mynd 1. Fjöldi karla og kvenna eftir námsformi.


Aðeins þrjú karlar svöruðu listanum en 19 konur. 11 konur voru í staðnámi en fjórar í fjarnámi og fjórar í blöndu af stað- og fjarnámi.



Mynd 2. Aldur nema á öðru ári.




Af mynd 2 má ráða að yngri nemar velja frekar staðnám en eldri eru frekar í fjarnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi. Til að mynda eru 10 af 12 staðnemum á aldrinum 21–25 ára.




Mynd 3. Búseta nema á 2. ári eftir svæðum.

Langstærstur hluti nema í tómstunda- og félagsmálafræði býr í Reykjavík eða nágrenni. Utan höfuðborgarsvæðisins eru fjórir nemar og eru þrír af þeim í fjarnámi en einn sem býr á Suðurnesjum er í blönduðu námsformi, sjá nánar mynd 3.




Mynd 4. Húsnæði nema.

Á mynd 4 sést að meirihluti staðnema, eða sjö af 12, býr í foreldrahúsum meðan fjarnemar búa frekar í eigin húsnæði, eða fjórir af fimm fjarnemum, sjá mynd 4.



Mynd 5. Hjúskaparstaða nema.


Á mynd 5 sést hjúskaparstaða nema. Helmingur er einhleypur en hinn helmingurinn í sambúð eða hjónabandi. Fjórir af fimm fjarnemum eru í sambúð eða hjónabandi meðan sjö af tólf staðnemunum búa enn í foreldrahúsum.



Mynd 6. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjón nema.


Á mynd 6 kemur fram að þeir sem eru í staðnámi eru allir barnlausir en fimm þeirra sem eru í fjarnámi eða blönduðu námi eiga börn. Fjórir fjarnemar eru með tvö eða fleiri börn í sinni umsjón en aðeins einn þeirra er barnlaus.

## Menntun þátttakenda



Mynd 7. Hafa þátttakendur lokið stúdentsprófi?

Alls hafa 19 af 22 þátttakendum lokið stúdentsprófi en þrír ekki, sjá mynd 7. Þessir þrír skiptast á öll námsformin, fjarnám, staðnám og blöndu af stað- og fjarnámi.




Mynd 8. Fyrri háskólanám nema.

Á mynd 8 kemur fram að níu af 22 þátttakendum hafa stundað háskólanám áður en þeir hófu nám í tólmstunda- og félagsmálafræði. Algengara er að þeir sem eru í blönduðu námsformi eða fjarnámi hafi áður reynt fyrir sér í háskólanámi, eða níu af 12. Aftur á móti hafa aðeins tveir af 12 staðnemum reynt fyrir sér áður í háskólanámi.


## Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán

Þátttakendur voru spurðir um starfsreynslu sína áður en þeir hófu námið.




Mynd 9. Starfsreynsla sem leiðbeinandi í leikskóla.

Af mynd 9 má ráða að helmingur þátttakenda hafði reynslu af því að vinna í leikskóla áður en þeir hófu námið. Til að mynda höfðu þrír af fjórum fjarnemum sem svöruðu þessari spurningu reynslu af slíkri vinnu.




Mynd 10. Starfsreynsla við íþróttapjálfun.

Eitthvað er um það að þátttakendur hafi unnið við íþróttapjálfun; það hafa fimm af þeim 20 sem svöruðu spurningunni gert.




Mynd 11. Starfsreynsla á frístundaheimili.

Tíu þátttakendur höfðu reynslu af því að vinna á frístundaheimili og höfðu þeir verið í 5 ár eða lengur í slíku starfi, sjá mynd 11.




Mynd 12. Starfsreynsla á sumarnámskeiðum fyrir börn eða ungmenni.

Mikil meirihluti þátttakenda, eða 15 af 22, hefur reynslu af því að vinna á sumarnámskeiðum fyrir börn og ungmenni, eins og sést á mynd 12.




Mynd 13. Starfsreynsla í sumarbúðum fyrir börn og ungmenni.

Aðeins þrjú þátttakendur sögðust hafa reynslu af því að vinna í sumarbúðum, sjá nánar mynd 13.




Mynd 14. Starfsreynsla sem leiðbeinandi á vegum félagsamtaka.

Fimm af þeim 20 sem svöruðu spurningu um starfsreynslu á vegum félagsamtaka höfðu reynslu af slíku, sjá nánar mynd 14.




Mynd 15. Starfsreynsla í félagsmiðstöð.

Eins og sést á mynd 15 hafði meirihluti þátttakenda reynslu af því að vinna í félagsmiðstöð, eða 12 af 21 sem svöruðu þeirri spurningu.




Mynd 16. Starfreynsla í þjónustu við eldri borgara.

Þrír þátttakendur höfðu reynslu af þjónustu við eldri borgara og voru tveir þeirra í fjarnámi en einn í blönduðu námsformi.



Mynd 17. Vinnutími á viku með námi.


Fjórir þátttakendur eru ekki í launuðu starfi með fram námi og eru þrír þeirra fjarnemar. Átta af 12 staðnemum vinna 15 klst. á viku eða minna en tveir fjarnemar og einn nemi í blönduðu námsformi eru í fullu starfi með námi.



Mynd 18. Starf sem þátttakendur ætla að sinna með fram námi.

Af mynd 18 má ráða að algengast er að þátttakendur séu að vinna á frístundaheimili eða í félagsmiðstöð. Aðeins tveir segjast vera í starfi sem tengist ekki námi þeirra.






Mynd 19. Fjöldi þátttakenda sem taka námslán.


Þátttakendur voru inntir eftir því hvort þeir tækju námslán og þá kom í ljós að einungis fimm af 22 þátttakendum taka slík lán, sjá mynd 19.

### Menntun foreldra og móðurmál




Mynd 20. Menntun mæðra þátttakenda.

Spurt var um menntun mæðra þátttakenda og áttu fjórir af fimm fjarnemum móður sem ekki hafði lokið frekara námi en grunnskóla. Fimm af 12 staðnemum áttu móður sem lokið hafði háskólaprófi. Væri merkt við fleiri en eitt atriði voru svör skilgreind þannig að metin var hæsta prófgráða samkvæmt opinberum viðmiðum.




Mynd 21. Menntun feðra þátttakenda.

Eins og sést á mynd 21 áttu sjö þátttakendur föður með háskólapróf og sjö föður með iðnmenntun. Helmingur feðra staðnema hefur lokið iðnnámi eða styttra starfsnámi.




Mynd 22. Móðurmál nemans og foreldra hans.

## Ánægja með námið og hvatning til að hefja það



Mynd 23. Hvaðan nemar fengu mjög mikla eða frekar mikla hvatningu til að fara í námið.


Af mynd 23 má ráða að þátttakendur hafa fengið hvatningu til að hefja námið frá ýmsum aðilum. Þannig segjast 10 af 12 staðnemum hafa fengið hvatningu til að fara í námið frá fólki sem vinnur á vettvangi frítímans og sama á við um þrjá af fjórum fjarnemum.



Mynd 24. Hversu mikið það hafði að segja fyrir fjarnema og þá sem eru í blönduðu námi að námið var í boði sem fjarnám.


Þeir nemar sem voru í fjarnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi voru spurðir hversu miklu máli það hefði skipt fyrir val þeirra á náminu að það var í boði í fjarnámi. Allir fimm fjarnemarnir segja að það hafi haft

mjög mikil áhrif en af þeim sem voru í blönduðu námsformi sögðu þrír það hafa skipt frekar miklu máli, einn hvorki litlu né miklu og einn sagði það hafa haft mjög lítil áhrif.




Mynd 25. Ánægja með námið í heild sinni.

Almennt eru þátttakendur ánægðir með námið. Til að mynda eru níu af 12 staðnemum mjög ánægðir, þrír af fimm þeirra sem eru í blönduðu námsformi og einn af fimm fjarnemum.




Mynd 26. Ánægja með kennsluna í heild sinni.

Ánægja með kennsluna er minni en með námið í heild sinni, þannig eru sex af 22 þátttakendum mjög ánægðir með kennsluna, átta ánægðir og níu frekar ánægðir.




Mynd 27. Ánægja með aðstæður í tímum.

Fjórir þátttakendur segjast vera frekar óánægðir, óánægðir eða mjög óánægðir með aðstæður í tímum, en algengast er að þátttakendur séu frekar ánægðir með þennan þátt.




Mynd 28. Ánægja með samskipti við samnemendur.

Þegar spurt er um samskipti við samnemendur eru allir þátttakendur ánægðir og þar af eru 13 mjög ánægðir.




Mynd 29. Ánægja með samskipti við kennara.

Ánægja er einnig mikil með samskipti við kennara, og eru 13 þátttakendur mjög ánægðir en aðrir ánægðir eða frekar ánægðir.



Mynd 30. Ánægja með upplýsingar um námið.


Flestir þátttakendur eru ánægðir eða frekar ánægðir með upplýsingar um námið en einn er frekar óánægður.



Mynd 31. Mat þátttakenda á því hvort námið er léttara eða erfiðara en þeir áttu von á.


Flestir þátttakendur telja námið vera álíka þungt og þeir áttu von á en fimm telja það aðeins léttara, léttara eða miklu léttara.

Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga



Mynd 32. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.

Svör þátttakenda við spurningu um hvað þeir verðu miklum tíma til náms á viku sjást á mynd 32. Fjórir staðnemar og tveir sem segjast vera í blönduðu námi nota 15 klst. eða minna í námið á viku. Þrír staðnemar, tveir fjarnemar og einn sem er í blönduðu námsformi nota meira en 30 klst. á viku í námið.




Mynd 33. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri.

Á mynd 33 sést að allir nema einn þátttakandi ætla að taka einingafjölda sem samsvarar fullu námi.

Þrír nemar höfðu sagt sig úr námskeiðum og voru þeir allir í hópnum sem sagðist taka blöndu af stað- og fjarnámi. Nefndu þeir sem ástæðu tímaskort vegna launaðrar vinnu og annarra námskeiða.

#### Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu


Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra



Mynd 34. Hafa skyldur vegna fjölskyldu neikvæð áhrif á nám nemanna?




Algengara er að fjarnemar telji að álag vegna fjölskyldu hafi neikvæð áhrif á námið, en fjórir af fimm töldu það hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif en aðeins einn af ellefu staðnemum taldi svo vera.




Mynd 35. Hefur álag vegna launaðrar vinnu neikvæð áhrif á nám nemanna?

Af mynd 35 má ráða að tveir þátttakendur töldu að launuð vinna hefði mjög mikil neikvæð áhrif á nám þeirra en fjórir til viðbótar töldu hana hafa frekar mikil áhrif.




Mynd 36. Hefur slakur undirbúningur í framhaldsskóla neikvæð áhrif á nám nemanna?

Tveir þátttakendur töldu að slakur undirbúningur í framhaldsskóla hefði haft mjög mikil áhrif á nám þeirra en 13 töldu þennan þátt hafa haft mjög lítil eða engin áhrif.



Mynd 37. Hefur kvíði neikvæð áhrif á nám nemanna?

Það vekur athygli að sex af 22 þátttakendum segja að kvíði hafi mjög mikil áhrif á nám þeirra og aðrir sex segja að hann hafi mikil áhrif.



Mynd 38. Hafa veikindi eða slys neikvæð áhrif á nám nemanna?

Eins og sést á mynd 38 höfðu veikindi og slys mikil áhrif á nám fjögurra nema á öðru ári í tólstunda- og félagsmálafræði. Einnig var spurt um neikvæð áhrif lesblindu en aðeins einn þátttakandi taldi hana hafa frekar mikil neikvæð áhrif. Aðrir töldu hana hafa mjög lítil eða frekar lítil áhrif.

## Almennar athugasemdir um námið

### Athugasemdir frá fjarnemum

- Það mætti taka meira tillit til fjarnema, t.d. með að kennarar gefi fjarnemum lengri frest til að skila vikulegum verkefnum, í sumum áföngum þá er fresturinn aðeins 3 dagar sem að kemur sér mjög illa fyrir fjarnema.
- Mér finnst að það megi koma betur til móts við fjarnema úr því að fjarnám er í boði. Mér finnst að það ætti að taka upp alla tíma.
- Ég hef unnið á Frístundaheimili í 7 ár og í áskulýðsstarfi í nokkur ár og finnst leiðinlegt að starfsreynsla sé ekkert metin inn í námið, það eru áfangar sem eru í náminu sem ég hef verið að vinna með í þessi 7 ár sem ég hef unnið með börnum.

### Athugasemdir frá staðnemum

- Frábært nám sem hentar fjölbreyttum hópi og finnst mér kennararnir skara fram úr í því sem þeir gera. Allir mæta og eru jafnir finnst mér og kennarar eru mannlegir og auðvelt að nálgast þá með allt milli himins og jarðar.
- Mætti auglýsa betur og leggja meiri áherslu á allt annað sem hægt er að starfa við eftir námið fyrir utan félagsmiðstöð og frístundamiðstöð
- Verndað starfsheiti takk!!
- Ég kann einstaklega vel við mig í Stakkahlíð og þykir vænt um rýmið okkar hér. Samheldnin er góð en mér þætti eðlilegt að ákveðnir grunnáfangar væru kenndir meira þvert á Menntavísindasvið, eins og þroskasálfræði og aðferðafræði. Það er góð leið til þess að tengja saman námsleiðirnar enda munum við öll starfa á svipuðum vettvangi í framtíðinni.
- Ég vil koma því á framfæri að mér líður mjög vel í Stakkahlíð og dýrka ég andann hérna. Mér finnst samskipti við kennara vera mjög góð

### Athugasemdir frá nemum í blönduðu námsformi

- Það mætti dreifa vinnuálagi yfir önnina, hún byrjaði á því að hafa lítið sem ekkert að gera og endaði á mjög miklu álagi sem er að valda mörgum kvíða.
- Mjög góður stuðningur við fjölskyldufólk frá kennurum og mikill skilningur sem að hefur verið til þess að ég bíð spennt eftir að mæta aftur í skólann á fullu.